



Úti er ævintýri – Vordagskrá 2021

Miðstöð útivistar og útináms býður uppá skemmtilega og fræðandi dagskrá tileinkaðri skóla- og frístundastarfi í Reykjavík undir nafninu „Úti er ævintýri“. **Vordagskráin** okkar er tileinkuð unglíngastigi og ber heitið, **Neysluveislan**. Neysluveislan er umhverfismiðaður og skemmtilegur snjall-ratleikur sem tekur fyrir málefni ábyrgar neyslu og framleiðslu.

12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



Efni dagskrárinnar er tileinkað umhverfismálum með sérstakan fókus á tólfta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Verkefnið tekur á vistfræðilegum fótsporum helstu neysluflokka einstaklinga og veltir upp hvað við getum gert til að gera lífnaðarhætti okkar sem sjálfbærasta.

Markmið efnistaka

Markmið dagskrárinnar er að auka þekkingu og meðvitund okkar á eigin neysluvenjum og varpa ljósi á hvaða áhrif þær hafa á umhverfi okkar og jörð. Verkefni dagskrárinnar leggja enn fremur áherslu á að auka trú nemenda á eigin getu til jákvæðra breytinga í umhverfismálum.

- Auka þekkingu og meðvitund á neysluvenjum okkar og áhrifum þeirra á umhverfið og jörð.
- Auka skilning og tengingu við hugtakið „sjálfbærni“
- Hvetja til gagnrýninnar hugsunar og auka trú þeirra á eigin getu til hnattrænna breytinga.

Neysluveislan í hnotskurn

- ✓ **Tímabil:** 13.04.-19.05.2021
- ✓ **Tímasetning:** þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 10H00-12H00
- ✓ **Aldurstig og fjöldi:** Unglíngastig (8-10 bekkur) – einn bekkur (mest 30 börn)
- ✓ **Dagskrá:** Snjallratleikur unnin í spjaldtölvum ([Actionbound](#))
- ✓ **Efnistöð:** Neysluveislan – Sjálfbærni-ábyrg neysla og framleiðsla
- ✓ **Tenging við Aðalnámsskrá grunnskóla:** Neysluveislan er beintengd inn í menntagildi og megintilgang náttúrugreina en kemur einnig inn á upplýsinga – og tæknimennt.
- ✓ **Sérstakar áherslur:** náttúru- og umhverfisvitund, sjálfbærni, sjálfsefling.

ATHUGIÐ! Á þriðjudögum og föstudögum stendur skólum til boða að þiggja **rútuþjónustu** fyrir hópinn, frá og til skóla, sér að kostnaðarlausu. [Rútuferðir bókast sér](#). Ekki er unnt að bjóða rútuferðir á miðvikudögum og verða þeir skólar að koma sér sjálfir á staðinn.

Bókanir á dagskrá og rútuþjónustu má finna [HÉR](#)

Verið hjartanlega velkomin í Úti er ævintýri og munið að mæta vel klædd til útiveru!

Bestu kveðjur frá Miðstöð útivistar og útináms í Gufunesbæ